



**Björgunarfélagið á Höfn (BH) kt. 640485-0439,
og Sveitarfélagið Hornafjörður, kt. 590169-4369,
gera með sér svo felldan samstarfs- og þjónustusamning.**

1. grein

Samningi þessum er ætlað að efla samstarf Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Björgunarfélags Hornafjarðar, þannig að tryggja öflugt almannavarna, félags- og öryggisstarf í sveitarfélaginu. Er samningnum ætlað að tryggja enn frekar starfsemi BH, enda er bæjarstjórn Hornafjarðar þeirrar skoðunar að félagið sinni öflugum félags- og forvarnarstarfi ásamt því að vera mikilvægur hlekkur í öryggismálum sveitarfélagsins.

2. grein

Hlutverk BH er að vinna að björgun manna og/eða verðmæta og veita hvers konar aðstoð í neyðartilvikum, þar sem tæki og þekking BH getur komið að notum, ásamt því að taka þátt í skipulögðu almannavarnarstarfi. Til að BH geti uppfyllt markmið sín og sinnt öryggis- og almannaheilla hlutverki sínu skal hún á hverjum tíma sjá félögum sínum fyrir þeirri þjálfun sem nauðsynleg er.

3. grein

Öll erindi frá BH til bæjaryfirvalda skulu send bréflaga til sveitarfélagsins og/eða bæjarstjóra.

4. grein

BH sendir afrit af ársreikningi, árskýrslu og skýrslu um unglingsstarf til sveitarfélagsins eigi síðar en 15.maí.

5. grein

Telji bæjarstjóri samning þennan brotinn, skal hann snúa sér til stjórnar BH og krefjast úrbóta á því sem ábótavant er. Verði BH ekki við þeim kröfum er heimilt að rifta samkomulagi þessu. Standi sveitarfélagið ekki við sínar kröfur er BH jafnframt heimilt að rifta samkomulagi þessu.

6. grein

Eftirfarandi er styrkur Sveitarfélagsins Hornafjarðar til BH.

	2023	2024	2025	2026
8. grein	1.022.341			
9. grein	1.150.134			
10. grein	200.817			
11. grein	608.536			
12. grein	669.390			
Samtals	3.651.390	Uppreiknað mv. vísitölu í des 2022	Uppreiknað mv. vísitölu í des 2022	Uppreiknað mv. vísitölu í des 2022

Samtals á þessu fjögurra ára tímabili að lágmarki **14.605.560,-** en fjárhæðir eru tengdar neysluvísitölu og uppreiknaðar árlega af BH sem sendir sveitarfélaginu reikninga fyrir styrknum - grunnvísitala er desember 2022.

7. grein

Sveitarfélagið skuldbindur sig til að greiða fasteignagjöld fasteignar Álaugarvegur 9 og skoða framhaldið á því varðandi nýja björgunarmiðstöð. Björgunarfélagið mun senda reikning eftir álagningu hvers árs með upphæð fasteignagjalda hverju sinni.

8. grein

BH sér um eina flugeldasýningu á ári, í kringum áramót ásamt áramótabrennu. Sveitarfélagið aðstoðar við leyfisveitingar fyrir brennurni og greiðir brennuleyfi og tryggingar vegna brennu. Veitir Sveitarfélagið Hornafjörður styrk til BH eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu í 6 gr.

9. grein

BH kemur sér upp sérhæfðum björgunarmönnum á tímabilinu sem mun hljóta sérhæfðari menntun og strangari æfingar en almennir björgunarmenn sveitarinnar. Hópurinn mun stuðla að bættu öryggi í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið leggur styrk vegna kostnaðar við þjálfun, líkamsrækt, búnaðarkaupa o.fl. vegna þessa hóps. Veitir Sveitarfélagið Hornafjörður styrk til BH eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu í 6 gr.



10. grein

Vegna framkvæmda við húsnæði BH, almenn búnaðarkaup og aðstöðu fyrir aðgerðastjórn almannavarnarnefndar veitir Sveitarfélagið Hornafjörður styrk til BH eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu í 6 gr.

11. grein

Í samvinnu við framkvæmdastjóra fræðslu- og félagssviðs/skólastjóra Grunnskóla Hornafjarðar skipuleggur BH eitt námskeið á ári fyrir börn og unglínga í Sveitarfélaginu. Enn fremur heldur BH upp öflugu unglíngastarfi innan unglíðasveitarinnar Brands. Veitir Sveitarfélagið Hornafjörður styrk til BH eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu í 6 gr.

12. grein

Sveitarfélagið skuldbindur sig til að greiða öll gjöld sem björgunarskipið Ingibjörg myndi annars þurfa að greiða til Hornafjarðarhafna. Einnig mun sveitarfélagið greiða styrk árlega til rekstur skipsins gegn því að geta notað það í lóðsferðum þegar lóðsbátur Hafnarinnar er í öðrum verkefnum eða í slipp, upp að því marki sem eðlilegt getur talist. Veitir Sveitarfélagið Hornafjörður styrk til BH eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu í 6 gr.

13. grein

Vegna uppbyggingar björgunarmiðstöðvar félagsins við Sæbraut skuldbindur Sveitarfélagið Hornafjörður sig til að styrkja BH fyrir lóðagjöldum og vinna að sameiginlegri lausn hvað varðar gatnagerðargjöld vegna byggingarinnar og styrkja BH sérstaklega að hluta vegna þeirra. Fyrirkomulagið á þessum sérstaka styrk er útfært þannig að sveitarfélagið sendir reikninga sem BH greiða en fá á móti lóðagjöldum aukalega styrk sem þeim nemur og sama tilhögun höfð um gatnagerðargjöld þegar samkomulag um þau er í höfn.

14. grein

Samningur þessi gildir til ársloka árið 2026. Verði verulegar breytingar á umfangi og/eða forsendum rekstrar hjá BH og þar af leiðandi forsendum þessa samnings geta samningsaðilar beðið um endurskoðun og skal beiðni um slíkt hafa borist bæjarstjóra fyrir 1. ágúst ár hvert. Samningurinn er uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara.

15. grein

Samningur þessi er samþykktur rafrænt og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samþykkt í bæjarstjórn 9. febrúar 2023

Sigurjón Andrésson bæjarstjóri